



## Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárbæing ytra árið 2016

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbæing ytra.

### 1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbæing ytra sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2016.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í. Rangárbæing ytra sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

### 3. gr.

Niðurfelling eða lækun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2014 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2015, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2015 samkvæmt skattframtali 2016. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**;

- með brúttótekjur undir 2.870.665 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 2.870.666- 3.318.873 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.318.874 – 3.790.558 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 3.790.559 – 4.268.647kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða **hjón**;

- með brúttótekjur undir 4.278.251 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.278.252 – 4.932.421 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 4.932.442 – 5.579.121 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 5.579.122 – 6.241.829 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

### 4. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 4.814.122 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

**Hellu 9. desember 2015**  
**Ágúst Sigurðsson**  
**sveitarstjóri Rangárbæings ytra**